

129. skólanefndarfundur 5. febrúar 2014 haldinn í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar í skólanefnd:

Aðalmenn: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, formaður, Hrefna Frimannsdóttir, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson og Haukur Garðarsson sem ritaði fundargerð.

Varamaður: Anna Lísá Hassing í stað Sigurðar A. Þórarinssonar

Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar sátu fundinn:

Sigrún Þórsteinsdóttir, leikskólastjóri, Sólbjört S. Gestsdóttir, fulltrúi starfsfólks leikskóla og Edda Baldursdóttir, fulltrúi foreldra leiksskólans, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, Eyþór Benediktsson, aðstoðarskólastjóri grunnskóla og Kristbjörg Hermannsdóttir fulltrúi foreldra grunnskólans.

Formaður setti fund kl. 17:10

Dagskrá:

1. Málefni leikskólans
2. Málefni grunnskólans
3. Kynning á Skólaskýrslu sambandsins
4. Kynning á Skólaþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga.
5. Kynning á Fræðsluþingi Vitundarvakningar á norðanverðu Snæfellsnesi.
6. Önnur mál

1. Málefni leikskólans

Frá síðasta skólanefndarfundu eru helstu tíðindi héðan þessi:

- a) Dansnámskeið hjá Jóni Pétri,
- b) Foreldrafundur á öllum deildum,
- c) Foreldrakaffi,
- d) Starfsdagur með Önnu – Lind Pétursdóttur,
- e) Tveir nemar í starfsnámi,
- f) Ljósmyndari,
- g) Ömmu og afa dagur,

- h) Úttekt á sérfræðiþjónustu sveitarfélaganna gagnvart starfssemi og starfsmönnum (Attendus)
- i) Hálfur starfsdagur þar sem farið var yfir skólanámsskrár vinnu,
- j) Skiptinemaheimsóknir,
- k) Heimsóknir í Norska húsið og Bókasafnið á degi íslenskrar tungu,
- l) Ýmsir fundir með leikskólastjórum og aðilum félags-og skólaþjónustunnar,
- m) Heimsóknir frá öðrum leikskólum,
- n) Heimsóknir sálfræðings og talmeinafræðings.
- o) Það sem er framundan er:
 - a. Heimsókn talmeinafræðings,
 - b. Kirkjuferð,
 - c. Litlu jólin,
- p) Eftir áramót:
 - a. Aðlögun tveggja nýrra barna á Vík, yngstu deildina,
 - b. Skógarferð á þrettándanum,
 - c. Þorrablót og Öskudagur.
- q) Önnur mál
 - a. Rósa fer í veikindaleyfi og hefur Bjarki Hjörleifssons verið ráðinn tímabundið í 3 mánuði.
 - b. Foreldrakaffi í fyrramálið: Kaffi, te og kryddkaka í boði fyrir foreldara barna á leikskóla frá 7:45 – 10:00

2. Málefni grunnskólans

a) Skólastarfið til þessa

Föstudagspunktur skólastjóra sendir vikulega með punktum úr starfi liðinnar viku.

Einar Gunnarsson er í nemendaferð með 8. bekk á Laugum í Dölunum ásamt krökkum úr öðrum skólum.

b) Niðurstaða haustannar / samr.próf.

Eyþór fór yfir glærur með niðurstöðum af samræmdum könnunarprófum frá miðjum september 2013.

c) Vinna við innleiðingu aðalnámskrár

Eyþór fór yfir glærur vegna innleiðingu aðalnámskrár

d) Starfsmannabreytingar

Ósk Hjartardóttir var ráðin í stöðu skólaliða til vors.

Elín Ragna Þórðardóttir hætti í hálfri stöðu um áramót, Hildur Sigurðardóttir fór úr hálfri stöðu í fulla stöðu,

Einar Gunnarson fer í launalaust ársleyfi 1. apríl, Gunnlaugur Smáráson mun sinna stöðu hans til vors. Síðan er það stjórnenda að skoða næsta skólaár í takt við annað í skipulaginu.

Tveir kennarar eru í launalausum leyfi og kemur í ljós fljótlega hvernig þeirra mál þróast. Ef kennarastaða losnar verður hún auglýst á vef Stykkishólmsbæjar.

Skólastjóri er byrjaður í starfsmannaviðtölum.

e) Önnur mál

- a. Áhersla hefur verið á læsi í ár og hafa verið haldin tvö 2ja vikna átök. Byrjað með yndislestur fyrst á morgnana og hver bekkur með sína áherslu, höfund eða þema í skólastarfinu þessar vikur. Börnin hvött til að lesa heima og foreldrar hvattir til að stuðla að lestri barna heima í föstudagspunktum skólastjóra.
- b. Áframhaldandi starf í agavandamálum
- c. Símenntun
 - i. Kristbjörg Hermannsdóttir er að byrja með nýtt námskeið
 - ii. Ebba Guðný Guðmundsdóttir verður með fyrirlestur fimmtudaginn 6.febrúar.
 - iii. Smáskipanámskeið er að hefjast.
- d. Hugmynd kom upp um að senda mánaðarpunkta skólastarfs alltaf á skólanefndina og jafnframt var rætt að skólanefnd fengi líka föstudagspunkta skólastjóra.
- e. Íris Björg sem starfar sem skólahjúkrunarkona hjá MR mun koma í heimsókn í skólann. Hún er menntuð geðhjúkrunarkona og hefur auk þess komið mjög víða við í þessum málefnum og ætlar að vinna með börnum í 8-10 bekk með „**unglingar, ábyrgð og virðing**“, Hún mun svo bjóða upp á opinn foreldrafund kl. 18:00 á þriðjudag
- f) Febrúarpunktur látnir ganga á meðal fundarmanna.
- g) Fyrirspurn um aðferðir við lestarkennslu. Hljóðaðferð hefur verið notuð hingað til.
- h) Fyrirspurn um sturtuferðir yngstu barna eftir íþróttir. Skólastjóri ætlar að skoða málið nánar.

3. Kynning á skólaskýrslu sambandssins

Formaður kynnti vefsíðu sambandsins en þar er fullt af áhugaverðu efni á vefnum

4. Kynning á skólaþingi sambands íslenskra sveitafélaga

° Formaður hvatti nefndarfulltrúa til að líta á efni sem kynnt var á skólaþingi sambandsins sem haldið var í haust.

5. Kynning á Fræðsluþingi Vitundarvakningar á norðanverðu Snæfellsnesi

Miðvikudaginn 19. febrúar er þing hjá Vitundarvakningu líklega í Grundarfirði eða Ólafsvík. Fyrirlesarar koma frá velferðarráðuneytinu.

6. Önnur mál

Umræða um leikskólagjöld.

Næsti fundur fimmtudaginn 6. mars 2014 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Þá verður fjallað um málefni leiksskólans.

Formaður sleit fundi kl. 19:00